


Aðgerðir á ytri kynfærum

Aðgerðir á ytri kynfærum er samheiti yfir nokkrar tegundir af minniháttar aðgerðum á kvenlíffærum. Oftast er um að ræða aðgerðir á ytri kynfærum svo sem að fjarlægja fyrirferðir eða vörtur, viðgerð á spöng, vikka leggangaop, opna meyarhaft, aðgerð á skapabörmum og önnur svipuð inngrip. Aðgerðirnar eru gerðar í stuttri svæfingu á skurðstofu og er útskrift heim sama dag. Fylgikvillar eftir svona aðgerðir eru sjaldgæfir en blæðing og sýking eru þeir helstu. Eðlilegt er að finna fyrir verkjum á aðgerðarsvæðinu í nokkrar vikur, svæðið er ríkt af taugaendum og getur verið viðkvæmt fyrir snertingu í nokkra mánuði eftir aðgerð.



Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmedferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Ef engir áhættuþættir vegna svæfingar eða aðgerðar eru þekktir hringir svæfingarhjúkrunarfræðingur nokkrum dögum fyrir aðgerð. Ef einhverjir áhættuþættir eru þekktir eða ef fram kemur í samtali við svæfingarhjúkrunarfræðing að frekari rannsóknarþörf er boðað til innskriftarviðtals fyrir aðgerðina.

Símaviðtal

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- fyrri reynslu af svæfingum
- ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- hæð og þyngd
- áfengisneyslu og reykningar

- gervitennur og tannbrýr
- heilsufar og sjúkdóma
- lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna, hafa skal lyfjalista við hendina.

Innskriftarviðtal

Ef áhættuþættir vegna svæfingar eða aðgerðar eru þekktir verður boðað til innskriftarviðtals við deildarlækni, svæfingalækni og hjúkrunarfræðing á kvenlækningadeild. Gera þarf ráð fyrir að innskrift taki 2-3 klukkustundir. Velkomið er að hafa aðstandanda með í innskrift. Greiða þarf komugjald fyrir þjónustuna.

Í innskrift:

- Er farið yfir lyfjalista og því þarf að taka með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort.
- Spurt verður um heilsufar, gerð læknisskoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina.
- Teknar eru blóðprufur og aðrar rannsóknir gerðar ef þarf.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru. Svæfingalæknir ákveður hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

Kvöldið fyrir aðgerð:

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi, tærir orkuríkir drykkir og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Aðgerðardagur

- Fara þarf í sturtu að morgni aðgerðardags, þurrka sér með hreinu handklæði og klæðast hreinum fötum.
- Fjarlægja þarf naglalakk og skartgrip. Ekki má nota húðkrem, ilmefti eða andlitsfarða eftir sturtuna.
- Mæting er á kvenlækningadeild 21A 1. hæð Landspítala við Hringbraut kl. 7:15. Hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði vitjar þeirra sem mæta til aðgerðar á biðstofu í anddyri.

Mikilvægt er að hafa meðferðis öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við lækni eða hjúkrunarfræðing. Þegar komið er á kvenlækningadeildina fer hjúkrunarfræðingur yfir undirbúning fyrir aðgerðina. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Aðgerð tekur um 30-40 mínútur. Eftir aðgerð tekur við dvöl í vöknunarherbergi þar sem fylgst er náið með liðan þinni. Þaðan ferðu aftur á kvenlækningadeild 21A. Heimsóknir eru ekki leyfðar fyrr en þangað er komið.

Hægt er að fá afnot af spjaldtölvu á deild án endurgjalds. Sjúklingar, aðstandendur og gestir á Landspítala geta fengið ókeypis aðgang að þráðlausu netsambandi fyrir eigin fartölvur, spjaldtölvur eða snjallsíma.

Verkir

Verkir eru yfirleitt vægir eftir aðgerðina. Verkjalyf eru gefin eftir þörfum hvers og eins. Við mat á verkjum er notast við verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 verstu hugsanlegu verkir. Láttu hjúkrunarfræðing vita ef verkir aukast svo hægt sé að meðhöndla þá strax.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir			Vægir verkir		Miðlungs verkir			Miklir verkir		Gríðarlegir verkir

Næring

Borða má strax við komu á deild eftir aðgerð. Ef þú finnur fyrir ógleði eftir svæfinguna færðu lyf við því eftir þörfum.

Þvaglát

Eftir svæfingu geta þvaglát verið treg og því þarf að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láttu starfsfólk vita ef ekki gengur að pissa.

Blæðing

Búast má við að það blæði frá aðgerðarsvæði fyrst eftir aðgerð.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Útskrift

Útskrift er áætluð samdægurs. Fyrir heimferð veitir hjúkrunarfræðingur þér og aðstandanda þínum útskriftarfræðslu.

Starfsfólk kvenlækningadeildar óskar þér góðs gengis!

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
KVENLÆKNINGAÐEILD 21A
JÚNÍ 2019
LSH-1965

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA,
DEILDARSTJÓRI 21A

HÖNNUN:
SAMSKIPTAÐEILD